

Myndir gamanleikarans Buster Keaton:

„Fangi nr. 13” og „Ást- arhreiddrið” frumsýndar,

á kvikmyndahátíð á morgun

A morgun hefjast sýningar hjá Kvikmyndahátíð á myndum Buster Keatons, gamanleikarans óviðjafnanlega. Raymond Rohauer mun fylgja myndunum úr hláði. Rohauer vann ómetanlegt starf í þágu kvikmynda, er hann leitaði uppi verk Keatons og hjargaði þeim frá skemmd-

um. Keaton eyddi því ævikveldinu í ljóma endurheimtrar heimsfræðgar.

En Rohauer er enn að grafa upp myndir eftir Keaton, sem álitnar voru glataðar eða eyðilagðar. Og á sunnudaginn mun hann kynna tvær stuttar mynd-

ir, 20 mínútur hvor, sem nýbúið er að gera upp og sem ekki hafa verið sýndar síðan á framleiðsluári. Hér er því um nokkurs konar heimsfrumsýningu á þeim að ræða. Myndirnar eru Fangi nr. 13 (Convict 13) frá 1921 og Astarhreiddrið (Love

Nest) frá 1923. Fangi nr. 13 var til í mjög ófullkominni kópi, en úr Astarhreiddriðinu var aðeins til ein ljósmynd, sem sýnir Keaton standandi í reidanum á seglskipi. En nú er hægt að sjá þessar myndir á ný. Fangi nr. 13 er eitt besta dæmið um gálghúm-

or Keatons. Þar stendur til að hengja hann fyrir framan áhorfendur, sem borða að sjálf-sögðu poppkorn, en síðan gerist margt óvænt. Astarhreiddrið er eins konar uppkast að löngu myndinni Sæfaranum (The Navigator), sem einnig verður sýnd á kvikmyndahátíðinni.

Úthlutun lista- mannalauna '81

KL — Úthlutunarnefnd listamannalauna hefur tilkynnt úrskurð sinn. Að þessu sinni hljóta 155 menn listamannalaun, og hefur þar fækkað um 31 frá því í fyrra. Astæðan til fækkunarinnar er sú, að ráðstöfunarfé nefndarinnar fer siminnkandi. Upphæðin, sem Alþingi veitti til úthlutunar í ár hækkaði minna frá fyrra ári en verðbólgunni nam. Varð það því niðurstæða nefndarinnar að fækka heldur þeim, sem launin hljóta, og hækka heldur upphæðirnar.

Að þessu sinni færast 6 nýir menn í efri flokk, þeir Arni Björnsson tónskáld, Einar Hákonarson myndlistarmaður, Jón Dan rithöfundur, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Þuríður Pálsdóttir söngkona og Orlygur Sigurðsson listmálari.

I neðra flokki eru 12 manns, sem ekki hafa fengið listamannalaun áður. Vekur þar athygli nafn Þórðar Tómassonar fræðimanns, Skógum, en þar fær þjóðleg fræðimennska viðurkenningu. Einnig vekur athygli, að engan leikara er að finna í þeim flokki.

I úthlutunarnefnd listamannalauna eiga nú sæti Magnús Þórðarson formaður, Jón R. Hjálmarsson ritari, Bessi Jóhannsdóttir, séra Bolli Gústavsson, Gunnar Stefánsson, Halldór Blöndal og Sverrir Hólmarsson.

Hér fer á eftir listi yfir þá listamenn, sem úthlutun hlutu þetta árið:


Áður veitt af Alþingi 22.500 krónur hver:
 Ásmundur Sveinsson,
 Finnur Jónsson,
 Guðmundur Danielsson,
 Guðmundur G. Hagalín,
 Halldór Laxness,
 Indriði G. Þorsteinsson,
 Kristmann Guðmundsson,
 María Markan,
 Snorri Hjartarson,
 Tómas Guðmundsson,
 Valur Gíslason,
 Þorvaldur Skúlason.

Veitt af nefndinni 6.600 krónur hver:
 Agnar Þórðarson,
 Alfréð Flóki,
 Atli Heimir Sveinsson,
 Agúst Petersen,
 Armann Kr. Einarsson,
 Arni Björnsson,
 Arni Kristjánsson,
 Benedikt Gunnarsson,
 Björn J. Blöndal,
 Björn Ólafsson,
 Bragi Asgeirsson,
 Bragi Sigurjónsson,
 Einar Bragi,
 Einar Hákonarson,
 Eiríkur Smith,
 Eyþór Stefánsson,
 Gísli Halldórsson,
 Guðbergur Bergsson,
 Guðmunda Andrésdóttir,
 Guðmundur L. Friðfinnsson,
 Guðmundur Frimann,
 Guðmundur Jónsson,

Guðmundur Ingi Kristjánsson,
 Guðrún A. Simonar,
 Gunnar Dal,
 Gunnar Eyjólfsson,
 Gunnar M. Magnúss,
 Hallgrímur Helgason,
 Hannes Pétursson,
 Hannes Sigfússon,
 Heiðrekur Guðmundsson,
 Hringur Jóhannesson,
 Ingimar Erlendur Sigurðsson,
 Jakobína Sigurðardóttir,
 Jóhann Briem,
 Jóhann Hjálmarsson,
 Jóhannes Geir,
 Jóhannes Helgi,
 Jóhannes Jóhannesson,
 Jón Asgeirsson,
 Jón Björnsson,
 Jón Dan,
 Jón Helgason, prófessor,
 Jón Helgason, ritstjóri,
 Jón Nordal,
 Jón Óskar,
 Jón Þórarinnsson,
 Jón úr Vör,
 Jónas Arnason,
 Jórunn Viðar,
 Karl Kvaran,
 Kjartan Guðjónsson,
 Kristján Albertsson,
 Kristján Davíðsson,
 Kristján frá Djúpálæk,
 Leifur Þórarinnsson,
 Manuela Wiesler,
 Matthías Jóhannesson,
 Oddur Björnsson,
 Ólafur Jóh. Sigurðsson,
 Ólöf Pálsdóttir,
 Pétur Friðrik,
 Ragnheiður Jónsdóttir,
 Róbert Arnfinnsson,
 Rúrik Haraldsson,
 Rögnvaldur Sigurjónsson,
 Sigfús Dabason,
 Sigfús Halldórsson,
 Sigurður A. Magnússon,
 Sigurður Sigurðsson,
 Sigurjón Ólafsson,
 Skúli Halldórsson,
 Stefán Hörður Grímsson,
 Stefán Íslandi,
 Stefán Júlíusson,
 Steinþór Sigurðsson,
 Svavar Guðnason,
 Sverrir Haraldsson,
 Thor Vilhjálmsson,
 Tryggvi Emilsson,
 Valtýr Pétursson,
 Veturlíði Gunnarsson,
 Vésteinn Lüðvíksson,
 Þorkell Sigurbjörnsson,
 Þorsteinn frá Hamri,
 Þorsteinn Ó. Stephensen,
 Þórleifur Bjarnason,
 Þóróddur Guðmundsson,
 Þuríður Pálsdóttir,
 Orlygur Sigurðsson.

3.300 krónur hver:
 Baldur Óskarsson,
 Baltazar,
 Björg Þorsteinsdóttir,
 Björgvin Halldórsson,
 Eggert Guðmundsson,
 Egill Friðleifsson,
 Einar Baldvínsson,
 Einar Jóhannesson,
 Einar Þorláksson,
 Filippía Kristjánsdóttir (Hug-rún).

Framhald á bls. 8



Listamennirnir við verk sín. Guðmundur Armann t.v. og Sigurður Þórir Sigurðsson t.h.

(Tímamynd GE)

Vinnan — fólkið — landið

á Kjarvalsstöðum

KL — Í dag, laugardag, opna í vestursal Kjarvalsstaða sýningu á verkum sínum listamennirnir Sigurður Þórir Sigurðsson og Guðmundur Armann. A sýningunni eru olíumálverk, grafík og teikningar og nefna þeir félagar hana Vinnan — fólkið — landið.

Sigurður Þórir á 33 verk á sýningunni. Fjalla myndir hans aðallega um fólk við ýms störf og umhverfi þess. Reyndar segist hann sjálfur hafa fengist við flest þau störf, sem þarna hafa orðið honum að myndefni. Hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1968-70, stundaði síðan kennslustörf í Þorlákshöfn þar til hann fór til náms við konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn, en þar stundaði hann nám í rúm 4 ár. Síðan hann kom heim, hefur hann stundað kennslu við Myndlistarskólann í Reykjavík og víðar. Hann hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og víða úti um land, í Þórshöfn í Færeyjum og þrisvar í Kaupmannahöfn. Auk þess hefur hann tekið þátt í samsýningum víða um lönd.

Guðmundur Armann sýnir 53 verk og er hans umfjöllunarefni fólk við vinnu og í öðru umhverfi og landslag. Hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum og hefur sótt ýms námskeið, m.a. hjá Hring Jóhannessyni og í

samsýningum, auk fjölda alþjóðlegra grafík-sýninga erlendis.

Guðmundur Armann er búsettur á Akureyri, þar sem hann rekur teiknistofu og skiltagerð í félagi við Ragnar Lár. Þar starfar hann með hópi áhugalistamanna, sem nefnir sig „Mynd-hópurinn”. Hefur sá hópur haldið stórar samsýningar, en sökum skorts á sýningarhúsnæði á Akureyri, hafa sýningararnar jafnvel verið haldnar utanþæjar.

Sýning þeirra félaga stendur til 22. febrúar.

Koma dýrin upp um Ís- lendinga?

Þriðjudaginn 10. febrúar n.k. heldur Stefán Adalsteinsson erindi á vegum Líffræðifélags Íslands, sem hann nefnir „Uppruni húsdýra á Íslandi”.

Ari fróði segir í Íslendingabók, að Íslands hafi byggst frá Noregi. A síðustu áratugum hefur ýmislegt verið dregið fram í dagsljósið, sem bent gæti til þess, að Ari hafi ekki að öllu leyti farið rétt með. Í því sambandi hefur komið fram, að Íslendingar eru á ýmsan hátt ólíkir Norðmönnum og svipar meira til Íra um suma hluti. Tunga okkar er norræn og margir hlutir í menningu okkar, en aðrir þættir íslenskrar menningar virðast ekki eiga sér fyrir-

mynd í Noregi.

Landnamsmenn fluttu húsdýr með sér til hinna nýju heimkynna sinna á Íslandi. Í erindinu verður gerð grein fyrir því helsta, sem hægt er að draga ályktanir af um uppruna húsdýra á Íslandi. Verður einkum fjallað um nautgripi, hross og sauðfé, en auk þess minnst á hunda, ketti og mys. Reynt verður að rekja hvað húsdýr gefa til kynna um fyrri heimkynni landnámsmanna.

Erindið verður haldið í stofu 158 í húsi Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Hjarðarhaga 2-4, og hefst kl. 20.30. Aðgangur er öllum heimill.

Lögðu í heiðina

— en urðu að snúa við

I frétt um að rútufarþegar hafi verið veðurteptir norðan Holtavörðuhéiðar í Tímanum nýlega var ranghermt að rúta Norðurleiðar hafi ekki lagt í heiðina. Það gerði hún, en þurfti að snúa við eftir 5 tíma barning, en þá var hún stödd á miðri heiðinni.